

Skýrsla stjórnar Sálfræðingafélags Íslands 2016 – 2017

Félagsmenn:

Félagsmenn eru í dag alls 613. Stéttarfélagsaðild hafa alls 388 (fagaðild innifalin), fagaðild eingöngu hafa 87. Aukaaðild (nemar og sálfræðingar starfandi erlendis) hafa 132, heiðurs- og lífeyrisaðild hafa 21.

Árið 2016 voru gefin út 48 starfsleyfi. Til samanburðar voru 34 leyfi gefin út árið 2015, 38 leyfi gefin út árið 2013, 43 leyfi árið 2013 og 32 leyfi árið 2012. 92 sérfræðileyfi hafa verið gefin út frá upphafi, á síðasta ári voru þau 9.

Stjórn:

Í stjórn SÍ á tímabilinu sátu: Hrund Þrándardóttir, formaður, Þóra Sigfríður Einarsdóttir, varaformaður, Sigríður Karen Bárudóttir, gjaldkeri, Anna Kristín Newton, ritari og Hafrún Kristjánsdóttir, meðstjórnandi. Á síðasta aðalfundi voru tveir nýir meðstjórnendur kosnir, Bóas Valdórsson til tveggja ára og Helgi Héðinsson til eins árs til að klára kjörtímabil Sigríðar Karenar. Framkvæmdastjóri er Guðfinna Halla Þorvaldsdóttir.

Kjörtímabilum Hrundar, Önnu Kristínar og Helga lýkur á aðalfundi 2017 og hafa þau öll boðið sig fram í áframhaldandi setu í stjórn. Engin mótframboð bárust.

Stjórn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði, tvo tíma í senn. Fundir stjórnar voru alls á 11 tímabilinu að meðtöldum starfsdegi.

Nefndir, undirfélög og fagdeildir, samstarf innan félags:

Formenn nefnda og stjórn hittust á fundi til upplýsinga og ráðagerðar, þar að auki var haldinn starfsdagur með stjórn, nefndum og trúnaðarmönnum í október. Þessir fundir eru orðnir fastur liður í starfinu.

Eftirtaldar nefndir eru starfandi fyrir utan samninga- og samstarfsnefndir og trúnaðarmannaráð, sem fundar einu sinni í hverjum mánuði: Prófanefnd, Fagrað, Ritstjórn Sálfræðiritsins, Siðanefnd og Fræðslunefnd. Árskýrslur berast frá nefndum fyrir aðalfund. Þakkar stjórn nefndum hér með gott starf á árinu.

25 ára afmælisrit Sálfræðiritsins kom út og var ný ritnefnd sett í kjölfarið. Stjórn þakkar ritstjórn frábæra vinnu við útgáfu afmælisritsins.

Tvö undirfélög voru starfandi á árinu, Félag sálfræðinga á Norður- og Austurlandi og Félag framhaldsnema við sálfræði en hið síðarnefnda var samþykkt á aðalfundi SÍ 2016. Er þetta fyrsta nemandafélagið sem verður undirfélag hjá BHM félagi.

Tvær fagdeildir voru starfandi á starfsárinu, Fagdeild um réttarsálfræði og Fagdeild sálfræðinga við skóla. Á aðalfundi SÍ 2016 var Félagi sálfræðinga við skóla sem áður var undirfélag innan SÍ breytt í fagdeild.

Er það von stjórnar að stofnun og fjölgun fagdeilda og undirfélaga auki samstarf og virkni innan félagsins, styðji við faglega þróun og gefi almennt góða sýn á mannauðinn innan félagsins.

Félagsstarf, fastir liðir:

Sálfræðiþing var haldið í áttunda sinn 7. og 8. apríl. Að venju buðu stofnanir og fyrirtæki sálfræðinga heim á kynningardegum og ráðstefnudagurinn var vel sóttur, með fjölda erinda, málstofum og veggspjöldum. Framsögu átti Dr. Brynjar Halldórsson. Heiðursverðlaun SÍ voru veitt í annað sinn og hlaut Sigrún Sveinbjörnsdóttir verðlaunin. Sigrún er sálfræðingur og prófessor við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Í tengslum við Sálfræðiþing ákvað stjórn að bjóða almenningi upp á fræðslu og tengdist sú ákvörðun þeim áherslum SÍ að auka aðgengi almennings að sálfræðiþjónustu og auka vitund og þekkingu á geðrænum vanda. Umræðuefnið var kvíði barna, unglunga og fullorðinna og leiðir til að vinna með kvíða. Framsögumenn voru Heimir Snorrason og Margrét Birna Þórarinsdóttir sálfræðingar. Fræðslan vakti ótrúlega athygli en um 600 manns mættu til að hlýða á fræðsluna. Þessi mikli áhugi almennings sýnir mikilvægi þess að sálfræðiþjónusta sé aðgengilegri og mun félagið endurtaka leikinn á næsta Sálfræðiþingi. Ákveðið hefur verið að umræðuefni þá verði þunglyndi.

Á árlegum haustfundi sem haldinn var 6. nóvember var yfirskriftin „Þunglyndi – í víðu samhengi frá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni til íslenska veruleikans“. Umfjöllunarefnið var m.a. tengt áherslum í aðgengismálum, nýrri skýrslu frá Landlækni um lyfjanotkun og síðast en ekki síst vitundarvakningunni „Depression, lets talk“ sem hleypt var af stokkunum á Alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum 10. okt 2016 og þeirri staðreynd að Alþjóðlegi heilbrigðisdagurinn 7. apríl 2017 verður helgaður þunglyndi, í fyrsta skipti sem geðheilsa fær sæti þar. Hrund Þrándardóttir flutti inngang og Dóra Guðrún Guðmundsdóttir og Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingar frá Embætti Landlæknis fluttu erindi. Sálfræðingar í pallborði héldu stutta tölu og tóku svo þátt í umræðum en það voru Agnes Agnarsdóttir frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Berglind Guðmundsdóttir frá geðsviði LSH, Inga Hrefna Jónsdóttir frá Reykjalundi og Linda Bára Lýðsdóttir frá VIRK. Fulltrúi frá Félagi sjálfstætt starfandi sálfræðinga forfallaðist vegna veikinda.

Siðareglunámskeið var haldið sem og morgunverðafundir og námskeið sem nánar er gert grein fyrir í skýrslu fræðslunefndar.

Að venju bauð stjórn nýjum og verðandi sálfræðingum á kynningarfund í byrjun sumars og framhaldsnemum á fyrsta ári var boðið á kynningarfund félagsins að hausti.

Möguleg útvíkkun á aðild að SÍ var rædd á vinnufundi stjórnar, nefnda og trúnaðarmanna í október, einnig á stjórnarfundum. Fyrir aðalfundi liggur tillaga að lagabreytingu þess efnis.

Fésbókarsíða félagsins er vel nýtt til að benda á það sem sálfræðingar eru að gera vel og til ýmissa auglýsinga og skilaboða frá félaginu og BHM. Heimasíðan þarfnast endurbóta og er búið að gera samning við vefsíðufyrirtæki um uppsetningu og viðhald á síðunni.

Samstarf innan BHM:

Sálfræðingafélagið er virkur þátttakandi í öllu starfi BHM og á fulltrúa í lykilinefndum og stjórn.

Erlent samstarf:

Mikilvægt er að sinna erlendu samstarfi a.m.k. upp að því marki sem við ráðum við sem lítið félag.

SAK: Fundir norrænu sálfræðingafélaganna (SAK) voru haldnir í Þórshöfn í maí og í Osló í október. Árlegur fundur norrænu siðanefnda var haldinn á Íslandi og er nánar um það í skýrslu siðanefndar.

EFPA: Tveir formannafundir voru haldnir á árinu og sótti formaður SÍ annan þeirra en hann var haldinn í Istanbul í maí. Þar var tekin lokaákvörðun vegna boðs Rússa um að halda EFPA ráðstefnu árið 2019 en áhyggjur höfðu verið uppi um málfrelsi, öryggi ráðstefnufara, ferðafrelsi ofl. Niðurstöður kosningar voru þær að ráðstefnan verður haldin í Moskvu. SÍ á tengiliði í fjölda starfandi nefnda innan EFPA. Umsókn um EuroPsy er í vinnslu.

Aðrar áherslur í starfi stjórnar á starfsárinu:

Aukið aðgengi almennings að sálfræðipjónustu:

Áframhaldandi áhersla er á að auka aðgengi almennings að sálfræðipjónustu.

Formaður og framkvæmdastjóri funduðu með formanni Velferðarnefndar þar sem aðgengismál voru rædd. Unnið var að því að vekja athygli á málinu, m.a. með mætingum á opna fundi þar sem heilbrigðismál voru til umfjöllunar, s.s. opinn fund RÚV og aðra fundi og fyrirspurnir lagðar fram, bæði frá SÍ og hagsmunafélögum. Fyrir alþingiskosningar var öllum flokkum sendar spurningar um aðgengi almennings að sálfræðipjónustu, helst að þjónustu fyrir framhaldsskólanema og niðurgreiðslur hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum. Svör gáfu góðar vonir, allir flokkar vilja gjaldfrjálsa sálfræðipjónustu í skóla og niðurgreiða þjónustu sálfræðinga að einhverju leyti.

Áframhaldandi vinna var að verkefninu „Gættu að geðheilsunni“ og síðunni www.gedheilsa.is sem unnin er í samstarfi við kanadíska sálfræðingafélagið. Hanna María Guðbjartsdóttir var ráðin verkefnastjóri og sér hún um skipulag, að kalla inn þýðingar, yfirllestur ofl. Stefnt er að því að opna síðuna með pomp og pragt á næsta Sálfræðipingi.

Sálfræðingafélagið tók þátt í Hinsegin dögum með atriði í skrudgöngu. Yfirskriftin var „Sálfræðingar fagna fjölbreytileikanum“. Góð þátttaka var í göngunni og almenn ánægja.

Starfsþjálfunarár og sérfræðileyfi

Starfsþjálfunarár: Áframhaldandi vinna hefur staðið yfir vegna starfsþjálfunarárs. Fundað hefur verið með fagraði félagsins, aðilum úr HÍ og HR auk Velferðarráðuneytis. Hvorki virðist vera áhugi né skilningur í Velferðarráðuneyti um alvarlega stöðu. Fundað var í haust og ítrekað óskað eftir viðbrögðum eftir fundinn sem ekki fengust. Formaður og framkvæmdastjóri sátu fund með formanni Velferðarnefndar þar sem starfsleyfisárið var rætt. Í kjölfarið sendi formaður Velferðarnefndar inn

fyrirspurn til heilbrigðisráðherra á Alþingi. Þegar nýr heilbrigðisráðherra tók við í janúar funduðu formaður og framkvæmdastjóri með honum og kynntu málið. Búið er að inna eftir frekari viðbrögðum eftir fund sem hafa skilað loforðum um að málinu verði fylgt eftir. Staðan er því enn sú að mikilvægir þættir eru óleystir. Fagráð og aðilar innan HÍ og HR voru upplýstir um þennan fund.

Sérfræðileyfi: Í samstarfi við fagráð / að ósk fagráðs var send út könnun til félagsmanna um sérfræðinám, áhuga, ólíkar leiðir osfrv. Niðurstöður liggja ekki fyrir.

Önnur mál

Ýmsir fundir voru haldnir innan og utan félags. Nefna má t.d. fund stjórnar með yfirmönnum á stofnunum þar sem sálfræðingar starfa. Rætt var um þau mál sem brenna á yfirmönnum og stjórn s.s. aðgengismál og biðlistar, hvar hvaða þjónusta á heima, kjaramál, starfsþjálfunarár og hvernig hægt væri að hvetja stofnanir og sálfræðinga til enn frekari þátttöku á Sálfræðipingi, bæði með erindum, málsstofu og almennri þátttöku. Fundað var með aðilum frá GRR og fleirum til að ræða óljósa og alvarlega stöðu varðandi ábyrgð á vitsmunabroskaprófum og öðrum mælitækjum var rædd.

Kjaramál:

Í mars sl. var gengið frá kjarasamningi við Samband íslenskra sveitarfélaga með samstarfi aðildarfélaga BHM. Samningurinn felur í sér þá kerfisbreytingu að laun háskólamanna munu framvegis ráðast af niðurstöðu starfsmats.

Mikil vinna hefur farið í að fylgja eftir svokallaðri bókun 2 og ákvæði gerðardóms sem lýtur að mati á menntun. Endurskoða þarf stofnanasamninga vegna þessa og enn er langt í land að það náist, fyrst og fremst vegna ágreinings um túlkun gerðardómsins milli Kjara- og mannauðssýslu ríkisins og aðildarfélaga BHM. Vinna við stofnanasamninga heldur áfram.

Lífeyrissjóðsmál hafa verið mikið til umræðu, einkum í formannaráði BHM enda miklar breytingar í farvatninu í tengslum við samræmingu lífeyrisréttinda á vinnumarkaði. Ný lög um LSR voru samþykkt á Alþingi en eftir á að ganga frá samþykktum lífeyrissjóðanna svo endanleg niðurstaða og áhrif á félagsmenn liggur ekki fyrir.

Fulltrúar félagsins hafa áfram fylgst með starfi Salek-hópsins en virkni hópsins hefur verið lítil undanfarið einkum í kjölfar lífeyrismálanna.

Umræða um heilsuspillandi vinnuumhverfi hefur verið talsverð vegna mikillar myglu á stofnunum, einkum Landspítalanum.

Trúnaðarmannaráð, samstarfsnefndir og samninganefndir hafa nú sem fyrr gegnt mikilvægu hlutverki í kjaramálunum.

Fyrir hönd stjórnar SÍ,

Hrund Þrándardóttir, formaður og Þóra Sigfríður Einarsdóttir, varaformaður